

Reglur um úthlutun styrkja frá MSÍ.

1. gr.

MSÍ er heimilt að úthluta styrkjum ef fjárhagsstaða sambandsins leyfir slíkt að mati stjórnar MSÍ.

2. gr.

Stjórn leggur mat á fjárhagsstöðuna og ákveður fyrirfram hvaða svigrúm er til styrkveitinga. Ef slíkt svigrúm er til staðar þá auglýsir sambandið eftir styrkumsóknum og sendir formönnum félaganna tilkynningu um að mögulegt sé að sækja um styrki.

3. gr.

Styrkþegar geta einungis vera aðildarfélög innan MSÍ, þar af leiðandi ekki t.d. einstaklingar eða verkefni hópa sem ekki eru innan MSÍ jafnvel þó verkefnin séu á sviði MSÍ.

4. gr.

MSÍ getur ákveðið að veita enga styrki, jafnvel þó svigrúm sé til þess, styrkir hafa verið auglýstir og umsóknir hafa komið um þá. Ákvörðun um slíkt er tekin innan stjórnar MSÍ og þarf stjórnin ekki að rökstyðja þá ákvörðun sína til umsækjenda.

Styrkir eru :

a. Uppbyggingarstyrkir til:

- a. Öryggismála
- b. Unglingastarfs
- c. Útbreiðslu
- d. annarar aðstöðu til æfinga og keppni

b. Styrkir til Prýðisfélaga MSÍ þ.e. félaga sem eru til fyrirmyndar í rekstri og starfssemi - sjá nánar um flokkun Prýðisfélaga í grein 9.

c. Styrkir til kaupa á búnaði eða tækjum.

Ekki eru veittir rekstrarstyrkir til aðildarfélaga.

5. gr.

Umsóknir um styrki skulu sendar í tölvupósti til MSÍ í netfangið msi@msi.is

6. gr.

Í styrkumsókn þarf að tilgreina:

- Styrkir veittir til uppbyggingarverkefna eða kaupa á búnaði og tækjum eru að hámarki 50% af kostnaðaráætlun. Umsókn skal innihalda:

- upplýsingar um félagið og ábyrgðarmenn
- lýsingu á verkefninu
- kostnaðar- og tímaáætlun
- rökstuðning fyrir nauðsyn verkefnisins
- hvernig félagið muni fjármagna sinn hluta verkefnissins
- 50% styrks er greiddur við samþykkt og 50% þegar verkefninu hefur sannanlega verið lokið með tilkynningu til MSÍ.

7. gr.

Þegar styrkumsóknir berast skal MSÍ senda tilkynningu um að styrkumsókn hafi verið móttækin.

Þegar umsóknarfresti lýkur sendir MSÍ tilkynningu um það til aðildarfélaganna með tölvupósti. Það er á ábyrgð aðildarfélaganna að skila inn réttum netföngum og fylgjast með pósti á viðkomandi netföngum. Stjórn MSÍ kann að þurfa að biðja aðildarfélögin um frekari gögn vegna umsókna þeirra. Þegar öll gögn hafa verið fengin skal stjórn MSÍ taka ákvörðun um úthlutun styrkja innan 30 daga.

8. gr.

Úthlutun styrkja til uppbyggingar og tækjakaupa fer fram á hverju ári þann 1. júní.

9. gr.

Prýðisstyrkir.

Til hvatningar um frumkvæði og fagmennsku í rekstri getur MSÍ úthlutað styrkjum til aðildarféлага sem sýna með óyggjandi hætti fram á öflugt og faglegt félagsstarf. Eftirfarandi kerfi lýsir flokkun félaganna og hvaða atriði þurfi að sýna fram á til að öðlast rétt á prýðisstyrk MSÍ.

A - Prýðisfélag MSÍ (styrkur t.d. 300.000 kr. árið 2013)

- a. Hefur skilað endurskoðuðum ársreikningi til MSÍ
- b. Hefur skilað hagnaði af rekstri félagsins skv. ársreikningum.
- c. Rekur motocrossbraut, sem uppfyllir skilyrði MSÍ um gæði
- d. Rekur endurobraut sem uppfyllir skilyrði MSÍ um gæði
- e. Rekur braut/ brautir fyrir unglinga/börn/unga byrjendur sem uppfylla skilyrði MSÍ
- f. Hefur haldið á sl. ári a.m.k. tvö landsmót (i enduro/motocrossi/iscrossi og/eða snocrossi)
- g. Stendur fyrir æfingum einu sinni í viku yfir sumarmánuði í mótörhjólaakstri fyrir börn eða fullorðna.
- h. Fulltrúi félags mæti á Ársþing MSÍ

B - Prýðisfélag MSÍ (styrkur t.d. 150.000 kr. árið 2013)

- a. Hefur skilað ársreikningi til MSÍ
- b. Rekur motocrossbraut, sem uppfyllir skilyrði MSÍ um gæði

- c. Rekur brautir fyrir unglunga/börn/unga byrjendur sem uppfylla skilyrði MSÍ
- d. Hefur haldið a.m.k. eitt landsmót í enduro og/eða motocrossi.
- e. Fulltrúi félags mæti á Ársþing MSÍ

C - Prýðisfélag MSÍ (styrkur t.d. 75.000 kr. árið 2013)

- a. Hefur skilað ársreikningi til MSÍ
- b. Rekur motocrossbraut, sem uppfyllir skilyrði MSÍ um gæði
- c. Haldið a.m.k. eitt innanfélagsmót
- d. Fulltrúi félags mæti á Ársþing MSÍ

Prýðisfélagakerfi MSÍ er sett upp til að hvetja aðildarfélögin áfram til að hvetja til fagmennsku og frumkvæðis í rekstri hvers félags. Prýðisstyrkjum er úthlutað ásamt viðurkenningarskjöllum á Ársþingi MSÍ ár hvert.

Aðildarfélag skilar inn um umsókn á staðfestingu sem Prýðisfélag til MSÍ eigi síðar en 30 dögum fyrir Ársþing MSÍ. Gögn skulu fylgja umsókninni sem sýna með óyggjandi hætti að félag uppfylli skilyrði sem Prýðisfélag MSÍ. Séu gögn ófullnægjandi eða óljós er félaginu send tilkynning um það og þá hefur félagið 7 daga til að skila fullnægjandi gögnum, annars er umsókn vísað frá.